

67
28. apríl.

Reglugjörð

um bifreiðar og próf fyrir bifreiðarstjóra.

Samkvæmt lögum 2. nóvbr. 1914, um notkun bifreiða eru hjermeð settar eftirfarandi reglur um gerð bifreiða, samkvæmt 3. gr. laganna, og um próf fyrir öikumenn bifreiða, samkvæmt 5. gr. laganna.

A. Um gerð bifreiða.

1. Engin bifreið má vera þyngri en 4000 kg. með fullum farmi, og þó svo, að ekki komi meiri þungi en 2000 kg. á neinn hjólásinn.
2. Eftir tillögum stjórnarvalda þeirra, sem eiga að annast viðhald vega, getur stjórnarráðið ákveðið, að á tilteknum vegum eða vegarköflum megi ekki nota svo þungar bifreiðar, sem segir í 1., heldur skuli hámark þyngdarinnar þar vera lægra.
3. Sje bifreið þyngri en 2000 kg. með fullum farmi, skal breidd hjólhringanna vera að minsta kosti 10 sm.
4. Í hálfu skulu vera keðjur undnar um knúnu hjólin, eða þau útbúin á annan fulltryggilegan hátt, svo að vagninn skriðki ekki.
5. Einn hemill að minsta kosti skal taka á sjálfum afturhjólnum (knúnu hjólunum), eða á vjelahlutum, sem eru fasttengdir við þau.
6. Hornið skal gefa einn djúpan tón á fjórhjóra bifreiðum og á þríhjóra bifreiðum, sem eru ætlaðar fleirum en einum manni, en háan tón á tvíhjóra bifreiðum og á þríhjóra einmenningsbifreiðum.
7. Á sjerhverri bifreið skal vera nafnspjald, er sýni:
 - a. Frá hvaða verksmiðju undirvagninn er.
 - b. Verksmiðjunúmer vagnsins.
 - c. Hestaflátölu vjelarinnar.
 - d. Eigin þyngd vagnsins í ferðafæru standi.Nafnspjald þetta skal vera á undirvagninum, þar sem auðvelt er að sjá það.

8. A sjerhverri bifreið skal vera umbúnaður til þess að unt sje að fyrirbyggja að óviðkomandi maður geti sett vagninn af stað. 67
28. apríl.
9. Undanfarin ákvæði gilda einnig þar, sem ekki er annars getið, um tvíhjóla bifreiðar, að svo miklu leyti sem þau geta átt við þær.

B. Um próf fyrir ökumenn bifreiða.

1. Sjerhver sá, sem vill fá ökuskírteini, sem heimilar honum að stýra bifreið, skal senda lögreglustjóra umsókn um það. Með umsókninni skal hann senda:
 - a. Skirnarvottorð.
 - b. Vottorð tveggja valinkunnra manna um að hann sje áreiðanlegur og samviskusamur.
 - c. Vottorð lækni um að hann hafi fulla sjón.
 - d. Vottorð um að hann hafi notið kenslu í notkun bifreiða hjá kennara, er stjórnarráðið hefir löggilt til þess (sbr. 8).
 - e. Ljósmynd af sjer óupplímða.

2. Telji lögreglustjóri skilríki þau, er umsókninni fylgja, fullnægjandi, sendir hann þau til fasts prófdómara, sem stjórnarráðið löggildir til þess að halda próf það, sem ákveðið er í 5. gr. laganna, og prófar hann umsækjanda svo fljótt, sem ástæður leyfa.

3. Prófið nær yfir þessi atriði:
 - a. Gerð og hirðing vjelarinnar og umbúnaður í vagninum.
 - b. Lög og reglur, er snerta ökumenn bifreiða.
 - c. Verkleg prófun á hemlum, stýri, kveykingu vjelarinnar m. m., og að hleypa vjelinni, stöðva hana, snúa við og fara aftur á bak.
 - d. Prófafstur. Prófdómari skal sitja í vagninum, en umsækjandi stjórna honum hjálparlaust, og skal, ef unt er, haga akstrinum þannig, að bæði sje ekið þar sem talsverð umferð er, og einnig á auðum vegi, eftir bugðum og brekkum, og skal aksturinn vera svo langur, að prófdómariinn fái fulla vitneskju um, hvort óhætt sje að veita umsækjanda ökuskírteini.
 - e. Jafnframt skal prófdómari fullvissa sig um, að umsækjandi sje ekki fatlaður á neinn þann hátt, er geri hann óhæfan til að stýra bifreið.

4. Að loknu prófi skal prófdómariinn tafarlaust endursenda lögreglustjóra skilríki umsækjandans. Hafi hann staðist prófið, fær lögreglustjóri honum ökuskirteini, og skal í því vera:
 - a. Númer skirteinisins.
 - b. Nafn, fæðingardagur, fæðingarstaður og heimili ökumanns.
 - c. Mynd af ökumanni, með stimpli lögreglustjóra og númeri skirteinisins.

- 67
28. apríl.
5. Óski einhver að fá ökuskirteini, er heimili honum að stýra tvihjólábifreið og einmennings-þrihjólábifreið, en ekki öðrum bifreiðum, þá getur prófdómari veitt þær tilslakanir að því er prófkröfurnar snertir, sem hann telur hæfilegar.
 6. Fyrir prófið greiði umsækjandi prófdómara 10 kr., og leggi auk þess til á sinn kostnað vagn, er prófdómari tekur gildan. Fyrir prófun í meðferð tvihjólábifreiða greiðist hálf gjald.
 7. Sá sem hefir ökuskirteini frá erlendum stjórnarvöldum, getur fengið ökuskirteini hjá lögreglustjóra, án þess að taka próf, ef lögreglustjóra er ekki kunnugt um neitt það, er ætla má að geri umsækjandann miður hæfan til að stýra bifreið. Krafið getur lögreglustjóri skilríkja þeirra, er greinir í 1. a—c og e, ef honum þykir ástæða til.
 8. Löggildingu til kenslu þeirrar, er ræðir um í 1. d., getur stjórnarráðið veitt hæfilega mörgum mönnum, er hafa ökuskirteini og umráð yfir bifreið til kenslunnar.
 9. Löggildingu sem prófdómara má veita einum eða fleiri mönnum, sem til þess álitast hæfir, og eru ekki á neinn hátt riðnir við verslun með bifreiðar. Löggildingin getur verið tímabundin, og stjórnarráðið getur afturkallað hana, ef því virðist ástæða til.

Akvæði um stundarsakir.

Lögreglustjórar geta heimilað þeim mönnum, sem hingaðtil hafa fengist við að stýra bifreiðum, að halda áfram því starfi án ökuskirteinis, í lengsta lagi til ársloka 1915. Eftir þann tíma má enginn stýra bifreið, nema hann hafi ökuskirteini samkvæmt fyrirmælum laganna og þessarar reglugjörðar.

I stjórnarráði Íslands, 28. apríl 1915.

Sig. Eggerz.

Jón Hermannsson.